

Reglugerð um viðhald og endurbætur Sólheimakots

Gildir frá 1. nóvember 2013.

1. Skipulag og stjórn

1. Samkvæmt leigusamningi 6. mars 2002 við Mosfellsbæ er Hundaræktarfélag Íslands leigutaki jarðarinnar Sólheimakot í Mosfellsbæ, ásamt íbúðarhúsnæði og útihúsum til þess að starfrækja þar skóla fyrir kennslu- og fræðslustarf fyrir eigendur hunda.
2. Stjórn HRFÍ skipar fimm manna stjórn í Sólheimakotnefnd. Stjórnin skiptir með sér verkum.
3. Ef núgildandi leigusamningi um Sólheimakot verður sagt upp eða hann ekki endurnýjaður verður Sólheimakotsnefnd lögð sjálfkrafa lögð niður.

2. Hlutverk Sólheimakotsnefndar

4. Sjá um viðhald og endurbætur húss.
5. Útbúa og skila til stjórnar HRFÍ viðhalds áætlun fyrir hvert starfsár.
6. Afla tekna/styrkja til viðhalds og endurbóta húss.
7. Setja félagsmönnum umgegnisreglur um hús og umhverfi og fylgja því eftir að þær séu virtar.
8. Úthluta húsinu til afnota fyrir félagsmenn og sjá um afhendingu lykla í samvinnu við skrifstofu HRFÍ
9. Halda skýrslu um umgengni og notkun hússins.
10. Skila skýrslu til stjórnar HRFÍ fyrir lok apríl hvers árs.
11. Stjórn/framkvæmdastjóri HRFÍ annast samskipti við bæjarstjórn Mosfellsbæjar ásamt Sólheimakotsnefnd.

3. Fjárreiður

12. Tekjur og styrkir, sem stjórn Sólheimakotsnefndar aflar, skulu lagðir á sérstakan bankareikning.
13. Ráðstöfun af bankareikningi Sólheimakots skal eingöngu vera í sambandi við viðhald og endurbætur á Sólheimakoti og hafa bæði framkvæmdastjóri HRFÍ og gjaldkeri Sólheimakotsnefndar prókúru rétt.
14. Framkvæmdastjóri HRFÍ og gjaldkeri Sólheimakotsnefndar bera ábyrgð á þessum bankareikningi í umboði stjórnar HRFÍ.
15. Hóflæg gjaldtaka fyrir afnot af Sólheimakoti er heimil, ef þurfa þykir, með samþykki stjórnar/framkvæmdastjóra HRFÍ og rennur ágóðinn til reksturs Sólheimakots.
16. Við slit Sólheimakotsnefndar skal nefndin í samráði við stjórn HRFÍ ráðstafa bankainnistæðum ef einhverjar eru, innan félagsins.